
„TVÖ FJÖLL“



„ÞOKUFJALL“



ÁSA ÓLAFSDÓTTIR MYNDLISTAR-KONA Í VIÐTALI UM SÝNINGU SEM HÚN OPNAR Á KJARVALS STÖÐUM Í DAG

Að setja kraft í óskir sem eiga að rætast

SÝNING á myndvefnaði eftir Ásu Ólafsdóttur verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag. Á sýningunni verða eingöngu myndverk sem unnin eru á síðastliðnum tveimur árum og um þær segir Ása: „Með þessari vinnu minni, trúi ég því að ég hafi verið að tvinna eigin lífsþráð í vefinn. Ég hef horft til baka á síðustu tvö ár, skoðað myndirnar frá þessu tímabili og tengt þær við atburði í lífi mínu. Ég á þessum myndum mikið að þakka. Þær hafa verið mér mjóar hengibrýr yfir mórauð stórfljót sem ég varð að komast yfir.“

Ása Ólafsdóttir er fædd í Keflavík árið 1945. Þar ólst hún upp. „En ég á ekki margar minningar þaðan,“ segir hún. „Helst minningar tengdar höfninni. Ég var alltaf að flýta mér í sveitina.“ Sveitin var hjá ömmu og afa á Mýrum. „Afi byggði heilu borgirnar úr mó,“ segir Ása, sem var með afa sínum við hleðslu úr torfi og grjóti og viðgerðum á réttarveggjum. Þar kviknaði áhugi hennar á hleðslulistinni, sem seinna varð henni hugleikin og átti eftir að hafa áhrif á listaverk hennar.

„Á vorin var alltaf mikið óþol í mér að komast upp í sveit og ég kom aldrei aftur fyrr en eftir réttir — alltaf of sein í skólann.

Svo held ég að ég hafi alltaf verið dálítið skrýtin — ekki fallið í kramið. Það er allt ofsalega „töff“ þarna. Við vorum að vísu nokkur þarna úr árganginum sem vorum dálítið sér á parti og saman í bekk í gegnum barna- og gagnfræðaskóla. Þar voru meðal annars Gunni Þórðar, Rúnar Júl. og fleiri, sem nú eru þekktir hér. Við vorum alveg óskaplega miklir villingar og hrekkjótt og það var alveg eins og við fengjum ekki útrás þarna. Kennararnir sem kenndu okkur muna ennþá óskaplega vel eftir okkur. Við gerðum svona hluti eins og að láta alla stóla hverfa úr kennslustofunni. Svo var samstaðan svo hrottaleg að við viðurkenndum aldrei neitt. Enginn.“

Ása var síteiknandi sem barn. Hún var aðeins sex ára gömul þegar hún áttaði sig á hæfileikum sínum. „Stundin þegar það gerðist er mér ljóslifandi,“ segir hún. „Ég var með röndóttan blýantsstubb og rifrildi af hvítum umbúðapappír og var að rissa eitthvað. Ég sá, mér til mikillar undrunar, að ég hafði teiknað portrett af konu, eins og fullorðnir teikna.“ Eftir það safnaði hún blýöntum og pappír og eyddi öllum stundum í að teikna. „Enda var ég alltaf eins og engill í teiknitímum og Óskar Jónsson, teiknikennari, var ofsalega góður við mig,“ bætir hún við.

Áhuginn á textíl vaknaði mjög snemma hjá Ásu. „Ég var fimm ára þegar ég saumaði fyrst á saumavél. Síðan fór ég að hekla, prjóna og sauma út, allt eftir mínu höfði. Maður var alltaf að handfjatla tuskur og garn. Nálægðin við þessi efni hefur líklega ráðið mestu um þennan textíláhuga. Mamma rak hannyrðaverslun í Keflavík og í gegnum hana komst ég í samband við handavinnuframleiðanda í Danmörku og fékk að hanna útsaumsmynstur.

Eftir gagnfræðaprófið fór ég að vinna á hinum ýmsu kontórum í nokkur ár og fannst það alger hryllingur og kvöl. Það var svo fyndið að maður var svo sér í Keflavík á þessum árum að maður vissi ekki að til væri myndlista- og handíðaskóli. Ég man að Guðlaug á Framnesi (barnakennari í Keflavík) spurði okkur einu sinni, í sjö ára bekk, hvað við ætluðum að verða þegar við yrðum stór og ég sagðist ætla að verða saumakona.

Svo fór ég í bæinn og fór að þvælast milli kontóra — alveg eyðilögð. Þangað til ég kynntist einhverjum myndlistarmönnum og það fór að smásíast inn í mig að maður gæti farið í Myndlista- og handíðaskólann. Ég fór að safna til að eiga fyrir fyrsta vetrinum í skólanum. Þá voru engin námslán. Ég var búin að vinna á svo mörgum kontórum og svo stutt á hverjum að mamma var alveg viss um að ég myndi hætta þarna eftir nokkrar vikur; þetta væri bara einhver bóla. En það þurfti að fjármagna þetta og á 3. ári var ég orðin svo krúkk að ég neyddist til að gifta mig sparimerkjagiftingu.

Mér fannst alveg æðisgengið að ganga í þennan skóla. Maður gat gert allt sem mann langaði til. Maður gat haft það að vinnu að skemmta sér! Ég hefði gift mig tíu sparimerkjagiftingum ef ég hefði þurft á því að halda til að komast í gegnum skólann.

Þá voru forskóli I og II. Það voru tvö ár í almennu myndlistarnámi. Ég vissi það um leið og ég snerti á vefnaði að þetta vildi ég alltaf gera. Ég trúi því ekki að neitt sé til sem getur stöðvað mig. Þetta er dásamleg vinna.

Ég var semsagt byrjuð í textílnáminu sjálfu þegar ég gifti mig. Svo gleymdi ég því alveg að ég væri gift — svo fór allt í rugl, því vegna sjálfvirkni í kerfinu, Hagstofunni og öllu því, átti ég allt í einu heima hjá þessum manni; var flutt upp á Akranes og allur pósturinn minn fór þangað. Næst þegar ég